Verkefnastjóri menningar-, atvinnu- og markaðsmála.

SSNV leitar að öflugum, framsýnum og markaðsþenkjandi verkefnisstjóra til að styðja við framþróun í menningar-, atvinnu-, og markaðsmálum landshlutasamtakanna.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem tengist menningarstarfsemi landshlutans, atvinnulífi og markaðssetningu á þeim fjölbreyttu tækifærum sem Norðurland vestra býður upp á.

Verkefnastjóri menningar-, atvinnu- og markaðsmála leiðir markaðssetningu landshlutasamtakanna og sækir fram þar sem tækifæri gefast til að kynna Norðurland vestra og efla atvinnulíf landshlutans. Þá ber hann ábyrgð á menningar hluta Sóknaráætlunar, þar undir uppbyggingarsjóð og samskiptum við styrkhafa.

SSNV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hjá SSNV starfar metnaðarfullt teymi sem vinnur að ástríðu fyrir samfélagið, fyrirtæki og fólk á svæðinu. Starfsstöðvar SSNV eru á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og á Sauðárkróki.

Við leitum að einstakling sem er tilbúinn til að vinna með okkur að eflingu svæðisins og taka þátt í spennandi vegferð og uppbyggingu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá á íslensku og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

SSNV leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100%.

SSNV **umsóknarfrestur er til og með 15. október**

Helstu verkefni og ábyrgð

- Markaðssetning landshlutasamtakanna í samstarfi við t.d. sveitarfélög á Norðurlandi vestra.
- Umsjón með menningarhluta Sóknaráætlunar, þar undir uppbyggingarsjóður og viðburðir.
- Samskipti við styrkþega, upplýsingamiðlun og önnur umsýsla.
- Almenn atvinnuráðgjöf og samskipti við hagaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af þeim málaflokkum er undir starfið heyra.
- Þekking og reynsla af markaðssetningu er kostur.
- Haldbær þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga er kostur.
- Góð samskiptafærni og tölvukunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæðni.
- Framsýni og metnaður.
- Góð rit- og talfærni á íslensku og hæfni í framsetningu upplýsinga á aðgengilegan hátt.

Nánari upplýsingar veitir: Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV (katrin@ssnv.is)

Sótt er um starfið á netfangið **ssnv@ssnv.is**